

Skil á hlutafjármiðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga og einkahlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármiðum vegna ársins 2009. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármiðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustusíðu á **www.skattur.is**. Skila skal upplýsingum um hlutafjáreign allra hluthafa í árslok 2009, innlendra sem erlendra. Miðunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2009. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

RSK		Hlutafjármiði vegna tekjuársins 2009			
Upplýsingar um hluthafa/eiganda					
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn			
Nafn og heimilisfang			Nafn hlutafélags og kennitala		
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík			421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík		
Hlutabréf	76 Útg. jónnumarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arbur á árinu	79 Staðgreiðsla af arbi	86 Dags. arðgreiðslu
	0	250.000	25.000	2.500	23.05.09
Stofnfjárbréf sparisjóðanna	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arbur á árinu	86 Staðgreiðsla af arbi	86 Dags. arðgreiðslu

RSK 2.045 Frumrit: Til skattstjóra

Vakin er athygli á nýjum reit á hlutafjármiða 2010, þar sem færa skal dagsetningu arðgreiðslu.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **10. febrúar 2010**. Sé upplýsingunum skilað á pappírsmáli er skilafresturinn styttri, eða til 30. janúar. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtali 2010.

Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á **www.skattur.is** og krefst veflykils.

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í síma **563 1100**.